

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. október 2017 í máli nr. E-188/2016:

Landsbankinn hf.

(Bjarni Þór Óskarsson hrl.)

gegn

Ágústu Pálinu Færseth

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 4. október 2017, var höfðað með stefnu birtri 13. janúar 2016, af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, gegn Ágústu Pálinu Færseth, [...], [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 60.743.381 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. maí 2014 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu auk virðisaukaskatts af málskostnaði.

Stefnda krefst þess að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað auk virðisaukaskatts af málskostnaði.

Dómari tók við meðferð málsins 1. september sl. en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Málsatvik

Landsbanki Íslands hf., sem lánveitandi, og stefnda, sem lántaki, gerðu 5. júní 2007 með sér lánessamning nr. 8203 um fjölmyntalán að jafnvirði 40.000.000 króna. Fjárhæð lánsins var tilgreind í íslenskum krónum á forsíðu lánessamningsins en í upphafsorðum samningsins segir að aðilar geri með sér lánessamning um fjölmyntalán til þriggja ára að jafnvirði 40.000.000 króna „í neðanskráðum myntum og hlutföllum: CHF 50%, JPY 50%.“ Þá kemur fram í samningnum að fjárhæð hvers gjaldmiðils skuli þó ekki ákvarðast fyrr en tveimur virkum bankadögum fyrir útborgunardag lánsins og að skuldin verði þá eftirleiðis tilgreind með fjárhæð þeirra erlendu mynta eða jafngildi þeirra í öðrum erlendum myntum. Greiði lántaki afborganir, vexti og dráttarvexti eða aðrar greiðslur í íslenskum krónum skuli hann greiða samkvæmt sölugengi bankans á gjalddaga. Þá kemur þar fram að lánið skyldi greiðast með einni greiðslu í lok lánstímans, 1. júní 2010, en vexti á þriggja mánaða fresti út lánstímann, í fyrsta sinn 1. september 2007 og skyldu vextir vera breytilegir, jafnháir LIBOR vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni, auk 1,95% stýrivaxta, og reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast eftirá á gjalddögum. Stæði lántaki ekki skil á greiðslu vaxta eða afborgana á

gjaldþaga bæri honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjaldþaga til greiðsludags samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kæmi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum skuldbatt hann sig til að greiða bankanum, auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001, allan kostnað sem bankinn myndi leggja út í vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannsþóknun eða öðru er bankanum bæri að greiða svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu alls lánsins.

Til tryggingar efndum á lánsamningnum gaf stefnda út tryggingarbréf nr. 135-63-354188, að fjárhæð 48.000.000 króna, sem tryggt var með veði í fasteign stefndu að [...] í [...]. Skilyrði fyrir útborgun lánsins var m.a. að Landsbanka Íslands hf. myndi berast beiðni um útborgun sem honum barst 5. júní 2007 og var lánið greitt út til stefndu 7. sama mánaðar, að frádregnum lántökukostnaði eða samtals 39.590.000 krónur, en hluta lánsfjárhæðarinnar, um 12 milljónir króna, var ráðstafað til greiðslu skulda stefndu en afgangur, rúmar 27 milljónir króna fóru í eignastýringu hjá forvera stefnanda á grundvelli samnings, dagsetts 5. júní 2017, milli stefndu og maka hennar annars vegar og forvera stefnanda hins vegar. Stefnda lýsir atvikum svo í greinargerð að tillögur að lánsformi hafi komið einhliða frá starfsmönnum bankans. Starfsmenn bankans hafi talið að bestu lánakjörin á þessum tíma hafi falist í gengistryggðu láni og hafi stefnda farið að þeirra ráði. Þá hafi þær forsendur verið gefnar að áætlaður vaxtakostnaður væri um 1.300.000 krónur á ári en þær hafi ekki staðist. Stefnda telur að upphaflega hafi verið gengið út frá því að lánsfjárhæðinni yrði ráðstafað beint í fjárfestingar innan bankans og að veðið yrði fært á þau bréf og því hafi verið gerður samningur um eignastýringu en stefnandi telur að ekki hafi verið gengið út frá því að öll fjárhæðin færi beint í slíkar fjárfestingar og að ekki hafi staðið til að færa veðið.

Þann 10. mars 2009 var gerður viðauki við lánsamninginn þar sem fram kemur að eftirstöðvar lánsins 1. desember 2008 hefðu verið JPY 38.550.501 og CHF 386.697,60. Stefndi og stefnda sömdu þá um að lánstími samkvæmt gr. 2.1 breytist þannig að eftirstöðvar lánsins bæri að endurgreiða að fullu með einni greiðslu í lok lánstímans, 1. júní 2010, en vexti bæri þó að greiða á þriggja mánaða fresti út lánstímann, næst 1. júní 2009, og skyldu vextir reiknast frá 1. desember 2008, en að öðru leyti skyldi samningurinn haldast óbreyttur.

Í bréfi stefnanda til stefndu 12. september 2011 var greint frá því að í desember 2010 hefði Alþingi samþykkt breytingar á lögum nr. 38/2001 sem kveða á um endurútreikning lána með ólögumætri gengistryggingu. Jafnframt að það væri mat stefnanda að lán nr. 8203 mælti fyrir um slíka gengistryggingu. Í samræmi við ákvæði laganna hefðu eftirstöðvar lánsins verið endurútreiknaðar miðað við lægstu

óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/2001. Fyrir endurútreikninginn hefðu eftirstöðvar lánsins verið 117.813.914 krónur en eftir endurútreikninginn, sem miðaðist við 9. september 2011, 60.618.082 krónur.

Í bréfi stefnanda til stefndu 23. apríl 2014 kom fram að með dómum í málum Hæstaréttar nr. 600/2011 og 464/2012 hafi m.a. verið komist að þeirri niðurstöðu að greiðslukvittanir jafngiltu fullnaðarkvittunum og að endurútreikningur lána hefði átt að taka mið af því. Þá kom fram að stefnandi hefði með hliðsjón af þessum dómum leiðrétt endurútreikning láns nr. 8203 þannig að 1. desember 2008 var nýr höfuðstóll reiknaður miðað við efni fullnaðarkvittana. Þá voru eftirstöðvar lánsins leiðréttar vegna greiðslna frá endurútreikningsdegi þar sem við átti en staða lánsins var miðuð við 23. apríl 2014. Einnig var krafist dráttarvaxta frá þeim degi þar sem lánið hafði ekki verið greitt á lokagjalddaga þess, 1. júní 2010, og því gjaldfallið fyrir leiðréttingu endurútreiknings. Staða lánsins fyrir leiðréttingu var 82.872.927 krónur en eftir leiðréttingu 60.743.381 króna sem er fjárhæð dómkröfu stefnanda. Krafan hefur ekki verið greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Hvað aðild stefnanda varðar þá tók Fjármálaeftirlitið, með heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl., þá ákvörðun 7. október 2008 að taka yfir vald hluthafafundar í Landsbanka Íslands hf., víkja stjórn félagsins frá og setja yfir það skilanevnd. Í framhaldi af því var stofnaður Nýi Landsbanki Íslands hf., nú Landsbankinn hf., stefnandi þessa máls. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. sama mánaðar tók stefnandi við ýmsum réttindum og skyldum eldri bankans og er óumdeilt að hann hafi þar á meðal tekið yfir kröfu á hendur stefnanda samkvæmt lánessamningi nr. 8203.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína á því að skuld stefndu samkvæmt lánessamningi nr. 8203 hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því hafi verið nauðsyn að höfða mál þetta til greiðslu hennar. Byggir stefnandi kröfur sínar á framangreindum lánessamningi, viðauka við lánessamning og endurútreikningum.

Hvað lagarök varðar þá byggir stefnandi kröfu sína á meginreglum kröfu- og sammingsréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og efnarskyldu loforða. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 38/2001, einkum 1. mgr. 6. gr. laganna, kröfu um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi

varnarþing vísar stefnandi til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 og til gr. 15.1 í lánsamningi aðila og um aðild stefnanda til 100. gr. a laga nr. 161/2002 og til ákvörðunar fjármálaeftirlitsins 7. október 2008.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefnda byggir þá dómkröfu sína að lækka beri stefnukröfu í fyrsta lagi á því að hún hafi verið blekkst af hálfu starfsmanna forvera stefnanda til að taka þátt í viðskiptum sem hún hafi hvorki haft vit né þekkingu á. Engin eiginleg könnun hafi farið fram á reynslu og þekkingu stefndu fyrir lánveitinguna og þær ráðleggingar sem henni hafi verið veittar hafi ekki verið í nokkru samræmi við þá takmörkuðu þekkingu sem hún hafi haft á verðbréfavíðskiptum. Þá hafði stefnda ekki áður komið að fjárfestingum af þeim toga og hafi ekki haft reynslu til að meta tilhlýðileika fjárfestingarinnar. Forsendur fyrir lántökunni sem og veðsetningarinnar hafi ekki staðist og eftir standi stefnda skuldum vafin. Um þetta vísar stefnda til 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um góða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Í öðru lagi vísar stefnda til þess að stefnandi hafi auðgast með óréttmætum hætti á hennar kostnað og beri þar af leiðandi að lækka kröfuna. Tjón stefndu vegna viðskiptanna svari til dómkröfu stefnanda, sem hafi eignast hana með verulegum afslætti, en upphaflega hafi verið um að ræða veðtryggða kröfu með 40.000.000 króna höfuðstól.

Stefnda vísar um framangreint til ákvæða 33. gr. og 36. gr. a-d laga nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggæringa og byggir á því að efni lánsamningsins, staða samningsaðila, atvik við samningsgerðina og atvik sem síðar hafi komið til áttu að leiða til ógildingar á samningnum, a.m.k. að hluta til. Horfa þurfi til þess hvert efni samningsins hafi verið, staða samningsaðila og atvik við samningsgerðina. Vegi þar þungt sú staðreynd að lánsamningurinn og skilmálar hans stafi einhliða frá forvera stefnanda. Jafnframt byggi stefnda á því að allar forsendur viðskiptanna hafi brostið og síðari atvik valdið því að réttlæt看legt sé að lánsamningurinn verði ekki að fullu efnður.

Stefnda byggir í þriðja lagi á því að krafa stefnanda sé ofreiknuð og óljóst sé hvernig kröfufjárhæðin sé fundin út og hvernig hún sundurliðast, hvaða innborganir hafi verið greiddar og hvernig þeim hafi verið ráðstafað. Telur stefnda að þessi vanreifun komi niður á efnisvörnum hennar. Þá fái ekki staðist að hún nemi í dag 77 milljónum króna eins og stefnandi hafi haldið fram. Í stefnu sé þess einungis getið að upphaflegur höfuðstóll lánsins hafi verið 40.000.000 króna og að krafa stefnanda hafi tvisvar sinnum verið endurútreiknuð.

Í fjórða lagi bendir stefnda á að vextir lánsins séu fyrndir. Þrátt fyrir að stefnda geti ekki, eins og málatilbúnaði stefnanda sé háttað, bent á nákvæma fjárhæð sem krafist sé lækkunar á byggir hún á því að vextir sem lagðir hafa verið við höfuðstólskröfu séu fyrndir og beri að lækka kröfuna sem því nemur. Sjá megi af gögnum málsins að stefnda hafi greitt alls 3.316.334 krónur í vexti fyrsta árið eftir að til skuldarinnar hafi verið stofnað, eða fram til 27. nóvember 2008. Þá hafi stefnda látið af afborgunum af láninu enda ljóst að forsendur að baki lántökunni væru brostnar.

Stefnda vísar til þess að samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fyrnist kröfur um gjaldkræfa vexti á 4 árum. Samkvæmt meginreglu kröfuréttar miðist upphaf fyrningarfrests almennt við þann dag er kröfuhafi hafi fyrst átt rétt á því að skuldari efndi skuld sína. Stefndandi hafi sent stefndu tilkynningu um endurútreikning, fyrst 12. september 2011 og aftur 23. apríl 2014. Fyrningarfrestur hafi hins vegar ekki verið rofinn vegna vaxta af kröfunni með endurútreikningnum. Samkvæmt meginreglum kröfuréttar geti kröfuhafi rofið fyrningarfrest með því að leggja inn fjárnáms- eða nauðungarsölubeiðni, beiðni um gjaldþrotaskipti, kröfulýsingu í þrotabú eða með málsókn. Stefna í málinu hafi verið birt fyrir stefndu 17. janúar 2016 en samkvæmt gögnum málsins hafi krafan verið gjaldfelld 1. júní 2010. Þá hafi vextir af láninu verið í vanskilum allt aftur til 1. desember 2008. Fyrningarfrestur vaxtakröfu stefnanda hafi því verið liðinn þegar mál þetta var höfðað hvort heldur í skilningi 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. þágildandi laga nr. 14/1905 eða 3. gr. núgildandi laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Beri því að lækka kröfuna sem því nemi. Loks mótmæli stefnda upphafstíma dráttarvaxtakröfu stefnanda og krefst þess að miða verði í úrlausn málsins við annað tímamark. Stefnda byggir í þessu samhengi á því að í ljósi atvika málsins sé eðlilegt að miða dráttarvexti við dagsetningu málshöfðunar, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Um lagarök vísar stefnda til laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda og nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, einkum 3. gr. laganna. Auk þess byggir stefnda á 33. gr. og 36. gr. a-d, laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Málskostnaðarkröfu sína styður stefnda við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Forsendur og niðurstaða

Óumdeilt er að stefnda, sem lántaki, og forveri stefnanda, sem lánveitandi, gerðu með sér lánsamning 5. júní 2007 um fjölmyntalán að jafnvirði 40.000.000

Íslenskra króna og að um ólögmetan gengistryggðan lánsamning var að ræða. Stefnandi byggir kröfu sína aðallega á lánsamningnum, viðauka við lánsamning og tveim endurútreikningum vegna lánsins, annars vegar frá 9. september 2011 og hins vegar frá 23. apríl 2014.

Stefnda byggir kröfu sína á því að hún hafi verið blekktil lántökunnar af hálfu forvera stefnanda. Engin eiginleg könnun hafi farið fram á reynslu og þekkingu stefndu fyrir lánveitinguna og ráðleggingar sem henni voru veittar hafi ekki verið í samræmi við þá takmörkuðu þekkingu sem hún hafði á verðbréfavíðskiptum. Þá hafi forsendur lánveitingarinnar ekki staðist. Byggir stefnda þessa málsástæðu sína m.a. á 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefnda hafi ekki lagt fram nein gögn þessu til staðfestingar og mótmælir því að tjón hafi orðið vegna rangra ráðlegginga starfsmanna forvera stefnanda. Fallist er á það með stefnanda að sú málsástæða stefndu sem fram kom þessu til viðbótar við málflutning við aðalmeðferð málsins, að stefnda væri ekki fagfjárfestir og að engin umfjöllun hafi komið fram í stefnu um stöðu hennar hvað þetta varðar, sé of seint fram komin, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, en fullt tilefni var til að þetta kæmi fram í greinargerð stefndu. Þau gögn sem fyrir liggja um samskipti á milli starfsmanna forvera stefnanda um fyrirhuguð lánsviðskipti stefndu benda til þess að þá hafi verið skoðaðir þeir valkostir sem hentuðu stefndu á grundvelli hennar óska og allar ráðstafanir framkvæmdar að hennar beiðni. Þá hefur stefnda ekki sýnt fram á að ráðgjöf hafi verið ónóg. Telja verður því að stefnda hafi ekki stutt þessa málsástæðu sína fullnægjandi gögnum og ekki sýnt fram á að um blekkingu hafi verið að ræða af hálfu starfsmanna forvera stefnanda sem áhrif geti haft á greiðsluskyldu stefndu.

Einnig byggir stefnda kröfu sína á því að stefnandi hafi auðgast á óréttmætan hátt á hennar kostnað sem svari til fjárhæðar dómkröfu stefnanda. Fyrir liggur að stefnda veitti lánsfjárhæðinni móttöku á sínum tíma og var henni ráðstafað bæði til greiðslu skulda og til fjárfestinga og að lánið var tvisvar leiðrétt eftir að í ljós kom að gengistrygging þess var ólögmet. Stefnda hefur ekki nægilega sýnt fram á eða leitt líkur að því að hún hafi orðið fyrir tjóni, sýnt fram á að forveri stefnanda hafi auðgast með ólögmetum hætti á hennar kostnað, né heldur liggur fyrir hver fjárhæð ætlaðs tjóns, sem stefnda telur að samsvari fjárhæð dómkröfu, er fundin. Með vísan til framangreinds eru ekki forsendur til að fallast á lækun kröfunnar á grundvelli framangreindrar málsástæðu.

Hvað varðar tilvísun stefndu til 33. gr. og 36. gr. a-d laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, þá vísar hún sérstaklega til þess að

lánessamningurinn og skilmálar hans stafi einhliða frá forvera stefnanda auk þess sem allar forsendur hafi brostið. Við mat á því hvort samningi verði vikið til hliðar vegna þess að talið yrði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar koma til, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Sá aðstöðumunur sem var á stefndu og forvera stefnanda getur ekki eins og atvikum málsins er háttáð leitt til þeirrar niðurstöðu án þess að frekari atriði séu leidd í ljós sem varða efni samnings, atvik við samningsgerðina ellegar síðar tilkomin atvik. Af hálfu stefndu hafa sönnur ekki verið færðar á slíkt og verður það ekki ráðið af þeim gögnum sem liggja fyrir, m.a. tölvupóstum þar sem fram voru settir þeir valkostir sem í boði voru. Þegar litið er til annarra atriða sem skipta máli við þetta heildarmat verður ekki talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju fyrir stefnanda að bera fyrir sig skuldbindinguna. Þá verður að hafa í huga að lánið hefur tvisvar verið endurútreiknað. Kemur því ekki til álita að fallast á kröfu stefndu á grundvelli 36. gr. a-d laga nr. 7/1936. Þá er því hafnað, með vísan til alls framangreinds og málsatvika, að forsendubrestur leiði til þess að stefndu beri ekki að efna lánessamning fyrir sitt leyti. Eins og atvikum og málatilbúnaði stefndu er háttáð, og með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið verður ekki heldur talið að sýnt hafi verið fram á að það sé óheiðarlegt af hálfu stefnanda að bera lánessamninginn fyrir sig, sbr. 33. gr. laga nr. 7/1936.

Þá byggir stefnda á því að krafa stefnanda sé ofreiknuð og óljóst sé hvernig kröfufjárhæðin hafi verið fundin út. Úr því hafi ekki verið bætt með frekari gögnum undir meðferð málsins og tilefni sé því til að vísa kröfu stefnanda frá dómi ex officio.

Í 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, sem tóku gildi 29. desember 2010, er kveðið á um aðferð sem leggja skal til grundvallar þegar gengið er til uppgjörs vegna krafna sem hafa haft að geyma ákvæði um ólögsmæta vexti og verðtryggingu. Í stefnu og framlögðum gögnum er það rakið að stefnandi hafi fyrst endurreiknað lán stefnanda í samræmi við fyrirmæli 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Voru vextir samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laganna lagðir á upphaflegan höfuðstól lánsins og var dregin frá sú fjárhæð sem greidd hafði verið inn á það. Þá var lánið á ný endurútreiknað í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012, þ.e. mið tekið af því að greiðslukvittanir janfgiltu fullnaðarkvittunum. Samkvæmt síðari útreikningnum, sem dagsettur er 23. apríl 2014, er nýr höfuðstóll kröfu í samræmi við dómkröfu, 60.742.381 króna. Einnig eru raktar í gögnum málsins innborganir stefndu, síðast 27. nóvember 2008. Samtals voru innborganir að fjárhæð 3.316.334 krónur og er ekki ágreiningur milli aðila um fjárhæðir eða tímasetningar innborgana. Fram kemur í málsgögnum að

stefndu hafi verið kynnt niðurstaða endurútreikninganna og að engar athugasemdir hafi borist frá stefndu. Þá hefur stefnda ekki lagt fram gögn því til stuðnings að krafan sé rangt reiknuð út. Með vísan til framangreinds er ekki er fallist á það með stefndu að ekki liggi fyrir eða það sé óskýrt í málatilbúnaði stefnanda hvernig höfuðstóll kröfunnar er reiknaður og er þessari málsástæðu stefndu því hafnað.

Loks byggir stefnda á því að þeir vextir sem lagðir hafa verið við höfuðstól fjárkröfu séu fyrndir en samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, fyrnist þeir á fjórum árum og því beri að lækka kröfuna sem því nemi. Til stuðnings kröfu sinni um að vextir séu fyrntir og lagði stefnda fram samantekt yfir þá vexti sem hún telur að séu fyrntir, sundurliðaðir eftir tímabilum, frá 1. desember 2008 til 31. desember 2012, samtals 12.760.680 krónur. Vísar hún til þess að hún hafi síðast greitt af kröfunni 27. nóvember 2008 og þegar stefna var birt 17. janúar 2016 hafi fyrningarfrestur vaxtakröfu verið liðinn. Lánið hafi fallið gjalddaga 1. júní 2010 og hafi vextir þá verið í vanskilum frá 1. desember 2008. Því hafi fyrningarfrestur vaxtakröfu verið liðinn þegar málið var höfðað hvort heldur er í skilningi 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. þágildandi laga nr. 14/1905 eða 3. gr. núgildandi laga nr. 150/2007. Af hálfu stefndu er einnig byggt á því að lengdur fyrningarfrestur gildi einungis um rétt skuldara til að fá vexti endurgreidda en ekki kröfu kröfuhafa um greiðslu vaxta. Þá byggir stefnda á því að tilvísun stefnanda til bráðabirgðaákvæðis XIV í lögum nr. 38/2001 sé of seint fram komin þar sem henni hafi fyrst verið hreyft í málflutningi við aðalmeðferð málsins og verði því niðurstaða málsins ekki á henni byggð. Við mat á þessu bera að líta til þess að það var fyrst þegar varnir stefndu voru fram komnar að stefnanda gafst tilefni til að byggja á ákvæðinu. Verður því, með vísan til 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ekki fallist á það með stefndu að framangreind málsástæða sé of seint fram komin.

Fyrningarfrestur vaxta er fjögur ár bæði samkvæmt núgildandi lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og lögum nr. 14/1905. Óumdeilt er að þegar lánessamningurinn var gerður gildi um fyrningu vaxta ákvæði þágildandi laga nr. 14/1905. Með 2. gr. laga nr. 151/2010 var lögfest bráðabirgðaákvæði XIV við lög nr. 38/2001 um að fjögurra ára fyrningarfrestur uppgjörskrafna vegna ólögsmætrar verðtryggingar lánessamninga í formi gengistryggingar reiknist frá 16. júní 2010. Þegar ákvæðið tók gildi 29. desember 2010 voru vextir vegna kröfunnar ekki fyrntir. Í dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að ef fyrningarfrestur er lengdur með lögum þá gildi sá frestur einnig um fyrningu sem hafin væri en ekki lokið við gildistöku laganna. Með 1. gr. laga nr. 38/2014 bættist nýr málslíður við ákvæðið þess efnis að fyrningarfresturinn skyldi vera átta ár frá fyrrgreindu tímamarki. Í greinargerð með frumvarpi til laganna er vísað til dóms héraðsdóms 4. mars 2014 í

máli nr. E-2296/2013 um að skýra verði bráðabirgðaákvæði XIV á þann veg að fyrningarfrestur vegna krafna sem grundvallaðar séu á endurútreikningi samkvæmt 5. mgr. 18. gr. laganna hafi fyrst hafist 16. júní 2010, sem og að ákvæðið ætti jafnt við um endurgreiðslukröfu lántaka sem kröfu lánveitanda vegna viðbótarvaxta. Þá styðst sú túlkun einnig við dómaframkvæmd. Enn fremur er tekið fram í greinargerðinni að dómur Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, breytti því ekki að með ákvæði til bráðabirgða XIV hafi verið tekið af skarið um að miða skyldi upphaf fyrningarfrests við 16. júní 2010. Með vísan til framangreinds verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu að vextir séu fyrntir.

Eftir framangreindu er fallist á kröfu stefnanda eins og hún er sett fram og nánar greinir í dómsorði og eru, með vísan til atvika, ekki forsendur til að miða upphafstíma dráttarvaxta við annað tímamark en greinir í dómkröfu stefnanda.

Stefnda greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Bjarni Þór Óskarsson hrl. og af hálfu stefndu flutti málið Valgerður Björk Benediktsdóttir hdl.

Dóm þennan kveður upp Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Ágústa Pálína Færseth, greiða stefnanda Landsbankanum hf. 60.743.381 krónu ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 23. maí 2014, til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir